

GJALDSKRÁ

vegna umsókna fyrir framleiðslu, markaðssetningu eða innflutning matvæla með íblönduðu koffíni.

1. gr.

Gildissvið.

Fyrir leyfi Matvælastofnunar skv. 4. gr. reglugerðar nr. 327/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1925/2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli, innheimtir stofnunin gjald af leyfisumsækjendum samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Forskoðun.

Matvælastofnun innheimtir gjald vegna forskoðunar á matvælum sem samanstendur af móttöku umsóknar, forskoðun, ákvörðun um áhættumat og umsýslu, kr. 16.696.

3. gr.

Áhættumat.

Matvælastofnun innheimtir í kjölfar forskoðunar gjald með eftirfarandi hætti vegna mats á áhættu, skoðunar á áhættumati, umsýslu og útgáfu leyfis. Kostnaður fer eftir því hvort og til hve margra utanaðkomandi sérfræðinga þarf að leita við áhættumatið.

<i>Aðgerð</i>	<i>Kostnaður</i>
Mat Matvælastofnunar á áhættu (8 klst.)	66.784 kr.
Mat Matvælastofnunar á áhættu – sams konar vara áður skoðuð (4 klst.)	33.392 kr.
Mat áhættu og mat á umsögn/-um ytri aðila (4 klst.)	33.392 kr.
Endurmat/-skoðun á áhættumati frá stjórnvaldi annars ríkis (4 klst.)	33.392 kr.
Ritun rökstuðnings vegna ákvörðunar (2 klst.)	16.696 kr.
Umsögn frá Rannsóknarstofu HÍ í neringarfræðum (8 klst.)	76.000 kr.
Umsögn frá embætti landlæknis (8 klst.)	80.000 kr.

4. gr.

Innheimta.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er tvær vikur frá útgáfu reiknings. Ef reikningar eru ekki greiddir á gjalddaga er viðkomandi umsókn um leyfi vísað frá og hún felld niður.

5. gr.

Annað.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 4. gr. reglugerðar nr. 327/2010 og 26. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. febrúar 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Baldur Arnar Sigmundsson.